



Skýrsla sveitarstjóra

Lögð fram á 92. fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar, þriðjudaginn 11. maí 2021.

- **Covid19 - Það er bjartara framundan, en þó þarf að fara varlega.**

Við stöndum nú á tímamótum, þar sem bólusetning við heimsfaraldinum er komin vel á veg, en þó ber að fara varlega eins og nýleg smit í okkar landshluta bera með sér. A - Hún., hefur sloppið betur en önnur svæði á landsvísu er varðar smit hjá okkur. Þetta er þó ekki búið fyrr en það er búið, og áfram mun þetta ástand hafa áhrif á okkar daglega líf, þar með talið á allt félagslíf, menningarviðburði og ýmsan rekstur. *Það er þó útlit fyrir að landið muni rísa hratt, og sumarið verði okkur frekar hagfellt.*

- **Framkvæmdasjóður ferðamannastaða – aukaúthlutun 2021.**

Eins og fram hefur komið þá var umsókn Blönduósbæjar um styrk fyrir árið 2021 hafnað í fyrstu umferð, en nú hefur verið tilkynnt um aukaúthlutun og fengum við þá úthlutun að upphæð 15 mkr., fyrir 2 verkþætti af þeim 3 þáttum sem eftir eru við Hrutey. Brúarframkvæmdir ganga ágætlega, og er áætlað að hún verði kominn á í lok júní n.k. Mótframlag sveitarfélagsins er um 20% en þar má einnig setja vinnu okkar við verkið. Eftir er þá 1 verkliður sem er „AÐATÖÐUHÚS“ og verður sótt um það fyrir næsta ár.

- **Leigufélagið Bríet – HMS**

Könnunarviðræður hafa verið við Leigufélagið Bríet um möguleg kaup/yfirtöku Bríet á 4 íbúðum sem sveitarfélagið á og myndu þá leigusamningar fylgja með ef af yrði. Búið er að senda allar þær upplýsingar sem óskað hefur verið eftir, og er málið til skoðunnar.

- **Félagsmiðstöðin Skjólíð**

Brýnt er að ráðist verði í endurbætur á núverandi húsnæði fyrir Félagsmiðstöðina Skjólíð og um leið endurskoða eða móta nýja stefnu um framtíðaraðstöðu fyrir þessa mikilvægu starfsemi. Fyrir liggja tillögur að upphafi endurbóta, á núverandi stað og í framhaldi af því þarf að gera áætlun um uppbyggingu á framtíðaraðstöðu Skjólísins.

- **Félagsstarf eldri borgara – ásamt aðstöðu fyrir Félag eldri borgara.**

Félagsstarf eldri borgara er nú með aðstöðu í Ósbæjarhlutanum að Þverbraut 1, eftir að upp kom staðfest mygla í aðstöðu félagsstarfsins í Hnitbjörgum, sem verið hefur þeirra aðstaða fyrir félagsstarf aldraðra, að mestum hluta. Mikilvægt er að móta stefnu um þennan vaxandi málaflokk, ásamt því að vinna áfram að mögulegri dagvistun í samstarfi við HSN. Þá hefur Félag eldri borgara óskað eftir aðstöðu fyrir starfsemi. *Samráðsfundur með hagaðilum verður haldinn á morgun miðvikudaginn 12. maí nk.*

- **Uppbygging heldur áfram – fjölga þarf atvinnutækifærum og íbúum.**

Nú styttist í að 5 íbúða raðhús verði tekið í notkun við Sunnubraut, og önnur verkefni er varða íbúðahúsnæði eru í undirbúningi og vinnslu, á mismunandi byggingastigum. Þá hefur á undanförunum vikum og mánuðum verið hafnar framkvæmdir við tvö stór verkefni í atvinnuhúsnæði á Miðholti og við Ægisbraut 2., auk kaupa FESTI á lóðinni bak við núverandi þjónustustöð N1, við Norðurlandsveg, ásamt fleiri framkvæmdum.



- **Gagnaver**

Nú hafa verið ráðnir 2 aðilar með sérstaka menntun sem hentar núverandi starfsemi, og fyrir möguleg viðbótarverkefni, þ.e. aðili með rafvirkjamenntun og einnig aðili með menntun og reynslu í tölvunarfræðum. Þá er verið að undirbúa mögulega stækkun gagnaversins með viðbyggingu á 1 – 2 húsum, en húsagerð og stærð færi eftir þeim viðbótarverkefnum sem verið er að afla til aukinnar starfsemi. Þá er einnig unnið að möguleikum á tengdri starfsemi í samstarfi við verkefnisstjóra fjárfestinga hjá SSNV.

- **Húnvetningur – möguleg sameining sveitarfélaganna í A-Hún.**

Nú er kynningarferlið vegna sameiningakosninga sveitarfélaganna í Austur – Hún., á síðustu vikunum en íbúakosning um mögulega sameiningu verður haldin í öllum 4 sveitarfélögunum laugardeginn 5. júní 2021. Fulltrúar samstarfsnefndar (oddvitar) hafa fundað með þingflokki og einnig hafa verið og verða fundir með 5 ráðherrum. Á næstu vikum mun koma út kynningarbæklingur, og haldnir verða íbúafundir í öllum sveitarfélögunum, fyrir kjördag, en einnig er verið að birta kynningarefni, greinar ofl.. Mikilvægt er að sveitarstjórn Blönduósbæjar sé undirbúin undir það hvernig kosning getur farið, og verði tilbúin með sviðsmýndir um möguleg viðbrögð við niðurstöðunni. *Vonast er til þess að sameining verði samþykkt hjá öllum sveitarfélögunum, í A-Hún., til framfara og uppbyggingar, og einnig til nýtingar sóknarfæra fyrir svæðið í heildina.*

- Önnur mál.....

Blönduósi 11. maí 2021.
Valdimar O Hermannsson
Sveitarstjóri Blönduósbæjar